

Skýrsla faghóps um leikskólamál

Samkvæmt erindisbréfi um faghóp um leikskólamál dags. 25.08.2022 kemur fram að hópinn skipi:

Sveinn Ægir Birgisson formaður faghópsins og fulltrúi D lista
Brynhildur Jónsdóttir, fulltrúi D lista
Arnar Freyr Ólafsson, fulltrúi B lista
Atli Marel Vokes, sviðstjóri mannvirkja og umhverfissviðs
Júlíana Tyrfingsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra
Margrét Björk Brynhildardóttir, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður faghópsins
Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður faghópsins

Markmið

Meginmarkmið faghópsins voru að vinna að málefnum leikskóla í Sveitarfélaginu Árborg með það meðal annars fyrir augum að koma með tillögur að úrbótum varðandi færanlegt kennsluhúsnæði við leikskólana Árbæ og Álfheima, sbr. bókun á fundi bæjarráðs fimmtudaginn 28. júlí 2022.

Hlutverk og helstu verkefni hópsins

Til viðbótar við áður nefnd meginmarkmið var hlutverk hópsins að huga að skipulagi og fjölda leikskóladeilda í húsnæði Stekkjaskóla sem losnar um eða eftir áramótin 2022/2023 með það í huga að þar verði einkum eldri leikskólabörn. Í þeirri vinnu var m.a. horft til biðlista og fjölda barna í Sveitarfélaginu Árborg sem eru á leikskólaaldri og mögulega íbúapróun á næstu árum. Þá meti faghópurinn mögulega kosti þess að bjóða foreldrum ungra barna sem ekki eru í leikskóla heimagreiddslur frá lokum fæðingarorlofs.

Tillögur fyrir árið 2023

Nýting á kennslurými við Stekkjarskóla

Hópurinn leggur til að opnaðar verða allt að fjórar leikskóladeildir á árinu 2023 í færanlegum kennslustofum við Heiðarstekk 10 sem hýsir nú Stekkjaskóla. Lagt er til að leikskóladeildirnar muni tilheyra starfsemi leikskólans Jötunheima. Hópurinn leggur til að yngstu nemendur leikskóla fái þann húsakost. Meginástæða fyrir því að bjóða yngri nemendum leikskóladvöl er til að skapa samfellu í skólastarfi Jötunheima. Aðgerðin er skammtímalausn og verður tilfærsla úr færanlegu kennslustofunum í framtíðarbyggingu Jötunheima gerð með litlu raski fyrir skólastarfið í heild. Deildirnar verða ekki opnaðar nema mönnun skólans liggi fyrir. Stöðugildi nýju eininganna eru áætluð 29 vegna ársins 2023 og er áætlaður heildarkostnaður við þær 178,9 m.kr.

| | 1.jan | 1. mars | 1. ágúst |
|-------------------------|-------|---------|----------|
| Deildarstjóri | | 2 | 2 |
| Leikskólakennari | | 2 | 2 |
| Háskólamenntaður | | 2 | 3 |
| Leikskólaliði | | 1 | 0 |
| Starfsmaður í leikskóla | | 5 | 6 |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1 | | |
| Leikskólasérkennari | | 1 | |
| Aðstoðarmatráður* | | 2 | |

* annar aðstoðarmatráðurinn starfar fyrir frístund í hlutastarfi sem verður í sama húsnæði og leikskólinn.

Áætlaður kostnaður vegna breytinga á færanlegum kennslustofum við Stekkjaskóla er um 38.000.000 kr. Inn í þeim pakka eru breytingar á húsnæði og lóð, innkaup á húsgögnum og búnaði og það sem þarf til að opna útibú í þessu húsnæði. Áætlaður rekstrarkostnaður árið 2023 er 48.000.000 en mun lækka um allt að helming á fjárhagsárinu 2024.

Álfheimar

Það er tillaga hópsins að ráðist verði í framkvæmdir við stækkun Álfheima, að færanlegar kennslustofur víki fyrir nýrri viðbyggingu. Hönnun og teikningar á verkinu liggja fyrir og myndi framkvæmdin ekki kalla á lokun deilda á framkvæmdatíma. Þörf er á miklu og kostnaðarsömu viðhaldi við deildina Völustein sem er elsta viðbygging við Álfheima. Lagt er til að ekki verði farið í endurbætur á Völusteini. Árið 2018 var hönnuð viðbygging við Álfheima sem átti að rúma starfsmannaaðstöðu og 3 deildir til viðbótar þeim deildum sem eru í dag. Tilboð voru óaðgengileg þegar þau voru opnuð í lok árs 2018 og því fallið frá þessari framkvæmd á þeim tíma. Árið 2019 var svo farið í framkvæmdir á starfsmannaaðstöðunni og þeim framkvæmdum lauk 2020. Uppfærsla á kostnaðaráætlun þeirra verkþátta sem eftir standa n.t.t að byggja húsnæði sem rúmar 3 deildir, 69 börn miðað við þá hönnun sem var gerð á þeim tíma 450 milljónir kr. M.vsk miðað við forsendur september 2022.

Árbær

Það er einhugur innan hópsins um að færanlegar kennslustofur við Árbæ þurfi að víkja í komandi framtíð og hugað verði sérstaklega að flæði innanhúss fyrir starfsfólk og nemendur. Ekki er til hönnun á stækkun á húsnæði skólans. Faghópurinn leggur til að beðið verði með framkvæmdir við Árbæ og ekki verði ráðist í þær á árinu 2023. Faghópurinn kemur til með að eiga samtal við leikskólastjórnendur í Árbæ um framtíðarsýn leikskólans.

Heimgreiðslur

Lagt er til að foreldrum barna sem náð hafa 12 mánaða aldri og ekki eru í leikskóla eða með pláss hjá dagforeldri fái greidda heimgreiðslu þar til barn fær vistun. Skilyrði fyrir heimgreiðslu er að barnið eigi umsókn um leikskólaláss og eigi lögheimili í Árborg. Hópurinn hefur upplýsingar um að dagforeldrum fækki á næsta skólaári og auglýsingar um fjölgun dagforeldra, hafa fram að þessu ekki skilað árangri. Lagt er til að heimgreiðsla verði sú sama og niðurgreiðsla til dagforeldra sem er 70.000 kr. á mánuði fyrir 8 tíma vistun á barn. Verði þessi tillaga samþykkt þarf regluverk og umsóknarferli. Horft verði til nágrannasveitarfélaga við þá vinnu.

Hér er miðað við biðlista frá 1. september 2022 og vistun hjá dagforeldrum 21. september 2022

| Fæðingarmánuður og ár | Á biðlista eftir leikskólaláss | Með vistun hjá dagforeldri | Hugsanlegur kostnaður við heimgreiðslu pr. mánuð |
|-----------------------|--------------------------------|----------------------------|--|
| Apríl 2021 | 6 | 3 | 210.000 |
| Maí 2021 | 14 | 9 | 350.000 |
| Júní 2021 | 9 | 7 | 140.000 |
| Júlí 2021 | 12 | 9 | 210.000 |
| Ágúst 2021 | 17 | 11 | 420.000 |
| September 2021 | 10 | 6 | 280.000 |
| Október 2021 | 13 | 7 | 420.000 |
| Nóvember 2021 | 14 | 0 | 980.000 |
| Desember 2021 | 6 | 1 | 350.000 |
| Heildarfjöldi | 101 | 53 | |

Hér er dæmið reiknað þannig að þegar barn nær eins árs aldri þá hefjist heimgreiðsla til þeirra barna sem ekki eru með dagforeldrapláss og eiga umsókn um leikskólaláss. Þetta er gróft reiknað og er miðað við að öll börn séu fædd 1. hvers mánaðar en það er alls ekki svo.

Hönnun á stækkun Jötunheima

Hópurinn leggur til að ráðist verði í hönnun á stækkun leikskólans Jötunheima í 12 deilda leikskóla á fjárhagsárinu 2023. Að hönnun lokinni verði farið í framkvæmdir við byggingu og að þeim loknum fari starfsemi leikskóladeilda við Heiðarstekk 10 í Jötunheima. **Næstu verk faghópsins**

Faghópurinn mun halda áfram störfum og gera tímalínu varðandi framkvæmdir og fjölgun leikskóladeilda í sveitarfélaginu. Sérstaklega verður horft til þess að byggja varanlegt húsnæði með það í huga að færanleg kennslurými víki. Það er vilji hópsins að vinna náið með starfsfólki leikskóla í sveitarfélaginu og bæjarfulltrúum að mótun tímalínu við framkvæmdir og fjölgun leikskóladeilda í sveitarfélaginu. Hópurinn skilar skýrslu í lok maí 2023.